


Gísli Halldórsson
SjódstjóriMogens Mogensen
Sjódstjóri

Um sjóðinn

IS Hlutabréfasjóðurinn er opinn öllum fjárfestum og hentar sérstaklega þeim sem vilja ávaxta fé sitt á innlendum hlutabréfamarkaði til lengri tíma. Sjóðurinn beitir virkri stýringu sem byggir á ítarlegum greiningum og mati sjódstjóra á gangi efnahagsmála, lykilstærða á fjármálamarkaði og undirliggjandi rekstri einstakra fyrirtækja.

Skráð innlend hlutabréf með virka verðmyndun eru í forgrunni í eignasafni sjóðsins þó tækifæri geti legið í óskráðum bréfum eða innlánum. Ítarlegri uppllistun á fjárfestingarheimildum sjóðsins má sjá hér að neðan og í útboðslýsingu sjóðsins. Vert er að vekja athygli á því að sjóðurinn hefur nokkuð takmarkaðri fjárfestingarheimildir en sumir sambærilegum sjóðir og notast sem dæmi ekki við afleiður sem hluta af virkri stýringu.

Fjárfestingaheimildir og stærstu eignir




Fjárfestingaheimildir		Eignir
Skráð hlutabréf	40-100%	73,7%
Óskráð hlutabréf	0-30%	0,0%
Innlán fjármálafyrirtækja	0-50%	0,0%
Aðrir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu	0-10%	8,4%
Afleiður vegna stöðutöku	0-10%	0,0%
Íslensk hlutabréf skráð erlendis	0-50%	15,5%
Laust fé		2,3%


Almennar upplýsingar

Stofnár	1998
Stærð (m.kr.)	6.856
Viðskiptatími	10:00 - 15:00
Uppgjörstími	2 viðskiptadagar (T+2)
Árleg umsjónarlaun	1,70%
Kostnaður við kaup	2,0%
Kostnaður við kaup í áskrift	1,0%
Áhættuvísir	4/7

Atvinnugreinaflokkun



Ávöxtun og gengisþróun



Tímabil	Gengisbreyting	Nafnávöxtun á ársgrundvelli
6 mánn	4,1%	
1 ár	-15,2%	-15,2%
2 ár	-21,8%	-11,5%
3 ár	5,0%	1,6%
4 ár	75,7%	15,1%
5 ár	66,7%	10,8%
Frá áramótum	-2,2%	
Frá stofnun*	257,0%	5,7%

IS Hlutabréfasjóðurinn

Um Íslandssjóði

Íslandssjóðir hf. er elsta sjóða-stýringarfyrtæki á Íslandi, upprunalega stofnað árið 1994 og er í eigu Íslandsbanka. Félagið er með starfsleyfi sem rekstrarfélag verðbréfasjóða samkvæmt lögum nr. 116/2021 og sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða samkvæmt lögum nr. 45/2020.

Íslandssjóðir stýra 22 sjóðum fyrir almenna fjárfesta og sjö sérhæfðum sjóðum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 400 milljörðum króna og um 12.000 sparifjáreigendur og fjárfestar hafa valið að ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins.


Félagið starfrækir úrval hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og er stærst í rekstri skuldabréfasjóða á Íslandi bæði þegar horft er til fjölda sjóða og eigna í stýringu. Íslandssjóðir hafa auk þess sérhæft sig í fasteignasjóðum og framtakssjóðum.

Frekari upplýsingar

Tegund sjóðs	Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta
Rekstraraðili	Íslandssjóðir hf.
Vörsluaðili	Íslandsbanki hf.
ISIN	IS000004273
Auðkenni	HLBR SJ
Lágmarkskaup	10.000 kr.
Lágmarksáskrift	5.000 kr.
Afgreiðslugjald	Skv. verðskrá söluaðila
Bloomberg auðkenni	ISSELEQ IR

*Sjóðurinn hefur verið starfræktur síðan 30.júní 1998

Gengispróun



Fyrirvari og áhættuþættir

Fjárhagsleg áhætta fylgir fjárfestingum í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Helstu áhættuþættir eru eftirfarandi:

Markaðsáhætta: Hættan á tapi sjóðsins vegna sveiflna á markaðsvirði eigna í eignasafni verðbréfasjóðsins sem rekja má til breytinga á markaðsbreytum, svo sem vöxtum, gengi erlendra gjaldmiðla, hlutabréfa- og hrávöruverði eða láns hæfi útgefanda.

Lausafjáraáhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófull-nægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrar-félagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Verðbólguáhætta: Hættan á að verðbólga lækki raunvirði eigna sjóðsins.

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstreymis viðskiptanna á sér stað.

Stjórn málaáhætta: Hættan á tapi sjóðsins vegna lagabreytinga, stjórn málaákvæðana og stjórn málalegs óstöðugleika.

Gjaldmiðlaáhætta: Sjóðurinn fjárfestir að hluta til í fjármálagerningum sem skráðir eru í erlendra mynt. Gengi gjaldmiðla sveiflast og fjármálagerningar sem skráðir eru í erlendra mynt bera því með sér gjaldeyrisáhættu. Vegna gengisbreytinga getur því myndast hagnaður eða tap þótt virði undirliggjandi fjármálagernings í þeirri mynt sem hann er skráður í breytist ekki.

Bent skal á að ávöxtunartölur vísa til fortíðar og að árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísendingu um árangur í framtíð. Fjárfestum er ráðlagt að leita sérfræðiráðgjafar og kynna sér vel þá fjárfestingarkosti sem eru í boði. Jafnframt eru fjárfestar hvattir til að kynna sér reglur, lykilupplýsingar og útboðslýsingar sjóða sem nálgast má á vefsíðu Íslandssjóða hf., www.islandssjodir.is.

Skattlagning hlutdeildarskrteina fellur undir lög um tekjuskatt nr. 90/2003 og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur nr. 94/1996. Eigendur hlutdeildarskrteina í sjóðum eru hvattir til að kynna sér skattalega stöðu sína og leita ráðgjafar sérfræðinga s.s. skattalögfræðinga eða endurskoðenda.